

**135. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stíllholti  
16-18,  
25. nóvember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1905413 - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar - málefni**

Málefni Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

*Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri og Karl Haagensen verkefnastjóri lögðu fram kostnaðarmat við aðgerðaráætlun er tengist brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að Þráinn Ólafsson kynni kostnaðarmatið fyrir Hvalfjarðarsveit.*

*Þráinn Ólafsson vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**2. 1711115 - Reiðskemma á Æðarodda - uppbygging**

*Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri og Karl Haagensen verkefnastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins og aðferðafræði við framkvæmd þess.*

*Karl Haagensen vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**3. 1904033 - Aðalskipulag Tjaldsvæði - við Kalmansvík**

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna tjaldsvæðis í Kalmansvík. Afmarkað er svæði til sérsakra nota O-16 sunnan Kalmansvíkur og norðan íbúðarbyggðar við Esjubraut. Tjaldsvæðið er afmarkað sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Mörkum hverfisverndarsvæðis Hv-1 er breytt og þau löguð að staðháttum. Haldinn var opið hús/kynningarfundur 18. nóvember 2019.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.*

**4. 1904037 - Deiliskipulag Tjaldsvæði við Kalmansvík**

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga deiliskipulagi verði auglýst í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin skal og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Akraness.*

RS

**5. 1910228 - Deiliskipulag Ægisbrautar - Ægisbraut 25 - umsókn um breytingu á deiliskipulagi**

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að deiliskipulag við Ægisbrautar verði endurskoðað m.t.t. hugmynda í endurskoðun á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, um íbúðabyggð á allt að tveimur hæðum við Ægisbraut. Umsókn um að breyta deiliskipulagi Ægisbrautar, vegna Ægisbrautar 25 er því hafnað.

**6. 1911124 - Verðmat Mannvirkja**

Farið yfir verðmat nokkurra mannvirkja í eigu Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð, að hafin verði vinna við undirbúning á sölu á eftirfarandi fasteignum: Faxabraut 10, Merkigerði 7, Merkigerði 12, Suðurgata 57 og Suðurgata 108.

**7. 1911149 - Vinnuskóli vinnuskýrslur - 2019**

Einar Skúlason forstöðumaður vinnuskólans og Sindri Birgisson umhverfisstjóri sátu fundinn undir þessum lið.

Sindri og Einar fóru yfir skýrslu vinnuskólans fyrir árið 2019.

Skipulags- og umhverfissráð vísar skýrslunni til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði.

**8. 1908198 - Deiliskipulag Skógarhverfi - áfangi 3A og rammaskipulag.**

Árni Ólafsson skipulagshöfundur sat fundinn undir þessum lið.

Farið yfir stöðu málsins.

**9. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030**

Árni fór yfir stöðu máls og framhald þess. Töluvert af þeim breytingum sem voru undir í endurskoðuðu aðalskipulagi hafa náð fram að ganga sem sértækar breytingar. Mikilvægt er hinsvegar að vinna við endurskoðun aðalskipulagsins fái fullan framgang. Stefnt skal að vinnu við endurskoðun verði lokið um mitt ár 2020.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.**

Ragnar Ólafsson  
 Ólafur Ólafsson  
 Gerður Jóhanna dóttir  
 Haldrún Sigurðardóttir